



Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2017-2018 01.12. 2017 4. bréf

Kæru nemendur og foreldrar!

Nú er desembermánuður genginn í garð með allri sinni ljósadýrð og hlýleika. Eins og allir vita er árs-hátíðin búin og tókst okkur að klára hana að lokum í blíðskapar veðri. Við getum verið stolt af okkar flottu krökkum sem stóðu sig af stakri þrýði, hvort sem um var að ræða undirbúning, leikatriði eða frágang.

Nú hefur verið tekin sú ákvörðun að flytja grenndargámanna sem staðsettir hafa verið við skólann. Þessi ákvörðun var tekin af öryggisástæðum og munu gámarnir fá nýjan stað við Krambúðina við Borgarbraut. Við viljum biðja þá foreldra sem telja þörf á því að keyra nemendur í skólann að setja þá út við fremra hringtorgið. Þar komast nemendur inn á skólalóðina og geta gengið beint inn í sínar forstofur. Við hvetjum samt alla til að ganga í skólann en það er liður í okkar umhverfisstefnu. Einnig minnum við á nauðsyn þess að nota endurskinsmerki á þessum árstíma.

Í desember verður ýmislegt um að vera í skólanum. Uppbrot verða í skólastarfinu þar sem við munum meðal annars fönndra, syngja saman jólalög á söngsal, fara á tónleika, sjá jólaleikrit, heimsækja Minja-safnið og ýmislegt fleira.

Litlu jólin verða þann 21. desember. Við munum halda fyrirkomulagi síðustu ára og hafa allan skólann á sama tíma á litlu jólum. Það koma því allir í skólann kl. 9.00 og fara heim kl. 11.00. Fyrst verður hópnum skipt í salinn og stofur en eftir það hittast svo allir í íþróttasalnum og ganga saman í kringum jólatréð. **Frístund er opin þennan dag til kl. 13.00 fyrir alla nemendur í 1.-4. bekk en frá kl. 13.00 er opið fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir, greiða þarf sérstaklega fyrir þennan tíma.**

Skólinn hefst svo aftur eftir jólaeyfi fimmtudaginn 4. janúar samkvæmt stundaskrá.

Miðvikudaginn 3. janúar er skipulagsdagur og frístund lokuð.

Starfsfólk Síduskóla óskar nemendum og foreldrum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakkar samstarfið á árinu sem er að líða.

Með hækkandi sól höldum við svo áfram að vinna saman, ná árangri og gleðjast!

Bestu kveðjur úr skólanum,

Ólöf Inga

Á döfinni í desember:

- | | | |
|-----|----------|-------------------------------------|
| 1. | desember | Sparifatadagur í Síduskóla |
| 6. | desember | Jólasöngsalur |
| 21. | desember | Litlu jólin og jólaeyfi hefst |
| 4. | janúar | Kennsla hefst að nýju eftir jólafrí |



Desember er tileinkaður

Vinátta

Regla mánaðarins er

„Við hjálpumst að og erum góð við hvort annað“

Árshátíð Síðuskóla 2017

Árshátíð Síðuskóla var haldin dagana 23. , 24. og 28. nóvember sl. og gekk mjög vel. Hér að neðan má sjá myndir frá árshátíðinni. Eins og sjá má á myndunum voru atriðin fjölbreytt og skemmtu allir sér vel. Alls voru sex sýningar, sem voru allar vel sóttar.



Stóra upplestrarkeppnin sett

16. nóvember var Dagur íslenskrar tungu en hann er fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar. Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk og Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk voru settar á sal snemma morguns eins og venjan er, auk þes sem fjallað var um ævi og feril Jónasar. Hér að neðan má sjá myndir frá deginum.



Námsmat í Mentor - nemendur og foreldrar

Námsmat birtist á hæfnikorti nemenda í Mentor.

Hæfnikortið er fyllt út jafnt og þétt yfir skólaárið. Athugið að fleiri en eitt hæfnikort geta tilheyrt sömu námsgrein, t.d. íslensku en þá birtist ör sem hægt er að smella á til að fara á milli hæfnikorta.

Hæfnikort birtist ekki nemenda fyrr en kennari er byrjaður að meta. Þá sjást metin viðmið í viðeigandi námsgrein en einnig er hægt að sjá öll viðmið sem liggja til grundvallar með því að smella á *heildarlista*.

Sumir kennarar kjósa að búa viðmið skólanámskrár niður í hnitmiðaðri markmið, þá birtist flipi sem heitir **námsmarkmið**. Þar birtist einnig mat á sérstökum verkefnum þar sem það á við en sá flipi kallast **verkefni**.

Hafi kennarar gert *námsslotu* fyrir ákveðið tímabil í námsgreininni og valið þar inn hæfniviðmið til að meta þá birtist námsslotan einnig undir námsmatsflísinni. Þar má sjá hvaða hæfniviðmið liggja til grundvallar í lotunni.

The screenshot displays the Mentor app interface. At the top, there's a navigation bar with the 'info mentor' logo and a user profile for 'Agnar Tumi Arnarsson'. The main area is a grid of colorful tiles:

- Vikuáætlun** (Violet): Shows '1. SEPTEMBER 2017 Danska' and '1 Í þessari viku'.
- Stundaskrá** (Pink): Shows '11:05 - 11:35 Matur' and an alarm icon.
- Ástundun** (Blue): Shows '0 Skráningar í dag'.
- Bekkarlisti** (Green): Shows '16 Bekkarfélagar'.
- Fréttir** (Red): Shows 'Engar nýjar skráningar' and a globe icon.
- Rafræn próf** (Purple): Shows 'Engin rafræn próf'.
- Námsmappa** (Teal): Shows 'Engar nýjar skráningar'.
- Námsmat** (Grey): Shows 'Ekkert nýtt námsmat' and an atom icon.
- Dagatal** (Dark Green): Shows 'Engir atburðir framundan' and a calendar icon.
- Fjölskylduvefur** (Dark Purple): Lists 'Verkefnabók', 'Dagbók', 'Áætlanir', 'Námsmarkmið', and 'Engar nýjar skráningar'.

MATSEÐILL - nóvember 2017

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
				1. Skr, brauð og álegg
4. Fiskur í raspi, kartöflur, ávextir	5. Sænskar kjöt-bollur, hrísgrjón, sósa	6. Bayonnesskinka, kartöflur, sósa, rauðkál, baunir	7. Súrsætur svínapottrettur, hrísgrjón	8. Pasta, sósa, salatbar
11. Kakósúpa, tvíbökur og smurt brauð Óskadagur 5. bekkjar	12. Soðið slátur, kartöflustappa	13. Soðinn fiskur, rófur, ávextir	14. Grænmetisbuff, hrísgrjón, sósa	15. Grjónagrautur, slátur
18. Medisterpylsa, kartöflur, brúnsósa	19. Silungur, hrísgrjón, köldsósa	20. Kjöt og karrý, kartöflur	21. Litlu jólin	22. Jólafrí—Frístund opin
25.	26.	27. Frístund opin	28. Frístund opin	29. Frístund opin